STF er samband stéttarfélaga stjórnenda

STF fer jafnframt með samningsrétt fyrir hönd allra verkstjóra- og stjórnendafélaga. Skrifstofa okkar er í Hlíðasmára 8 í Kópavogi og er opin frá kl. 8.00 til 16.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 08:00 til 15:00 föstudag. Símsvörun er alla virka daga frá 9.00 til 15.00. Skrifstofan veitir alhliða upplýsingaþjónustu fyrir félagsmenn í aðildarfélögum STF t.d. upplýsingar um réttindi og kjör, samninga og sjúkrasjóð. Nánari upplýsingar um sambandið, lög þess og reglugerðir má finna á vefsíðunni www.stf.is.

Aðildarfélög STF

Brú félag stjórnenda Reykjavík
Stjórnendafélag Suðurnesja
Berg félag stjórnenda Norðurlandi eystra
Stjórnendafélag Jaðar Akranesi
Stjórnendafélag Vesturlands
Stjórnendafélag Vestfjarða
Stjórnendafélag Norðurland vestra
Stjórnendafélag Austurlands
Verkstjóra- og stjórnendafélag Vestmannaeyja
Stjórnendafélag Suðurlands

Nánari upplýsingar

Aflaðu þér nánari upplýsinga um námið hjá Símenntun Háskólans á Akureyri.

Verkefnastjóri: Stefán Guðnason

sími 460 8088 - stjornendanam.is

email : stefangudna@unak.is

Upplýsingar um styrki, stf.is/menntun-og-fraedsla/starfsmenntasjodur

STF
Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmári 8 · 201 Kópavogur · Sími 553 5040 · www.stf.is

STF
Samband stjórnendafélaga

Stjórnendanámið

Hugtökin þekking, leikni og hæfni eru undirstaða „Hæfniramma um íslenska menntun“ sem mennta og menningarmálaráðuneyti gefur út. Stjórnendanámið er á 3. og 4. þrepi hæfnirammans. Stjórnendur eru tengiliðir fyrirtækis/félags yfirstjórnenda við almenna starfsmenn og eiga að tryggja að stefna fyrirtækisins, áætlanir og fyrirmæli skili árangri.

Fjarkennsla og fjarnám fyrir alla

Stjórnendanámið er 100% net- og fjarnám

Námið er í 5 lotum

1. lota: Ég – Stjórnandinn / millistjórnandinn

Þessi lota lýtur að einstaklingnum sjálfum, skilningi á eigin stöðu, kröfum til hans og möguleikum til að byggja sig upp til framtíðar.

2. lota: Stjórnun mannauðs

Þessi lota fjallar um meginatriði mannauðsstjórnunar, starfsaðstöðu, velferð, s.s. öryggismál, heilsufar, fjarvistir. Auk ýmissa vandamála sem fyrirtæki og starfsmenn glíma við og lausnir á þeim.

3. lota: Fyrirtækið – skipulag

Lotan fjallar um skipulagsheildina og stöðu skipulagseiningarinnar innan hennar, samþættingu þar á milli, heildar yfirsýn og boðleiðir. Gæðakerfi og önnur rekstrarstjórnunarkerfi eru sérstaklega til umfjöllunar.

4. lota: Fyrirtækið – rekstur

Lotan snýst um rekstrarhæfni millistjórnandans, beitingu hennar í eigin skipulagseiningu og þátttöku hans í mótun og framkvæmd rekstrar skipulagsheildarinnar.

5. lota: Fyrirtækið í nútíð og framtíð

Þessi lota fjallar um fyrirtækisins í nær- og fjærumhverfi sínu, eigendur, viðskiptavini, keppinauta, birgja, stofnanir og stjórnvöld. Fjallað er um þessa þætti í ljósi stefnu skipulagseiningar, t.d. umhverfis- og samfélagsstefnu.

Sjá lotur námsins: stjornendanam.is/namskeid/

Stjórnendur eru lykilstarfsmenn

Nemendur Stjórnendanámsins eru starfandi og verðandi stjórnendur og aðrir millistjórnendur. Lögð er áhersla á að námið falli að þörfum stjórnenda fyrirtækja í öllum starfsgreinum.

Hlutverk stjórnenda er m.a.

- Framleiðni fyrirtækisins
- Umhverfisvöktun
- Gæði afurða og þjónusta
- Velferð starfsmanna
- Nýráðningar og þjálfun
- Starfsmannasamtöl
- Þróun og þekking undirmanna
- Starfsumhverfi og öryggi
- Samfélagsleg ábyrgð

Stjórnendanámið er samstarfsvettvangur STF, SA og Símenntunar Háskólans á Akureyri.

Kennarar stjórnendanámsins

Kennarar stjórnendanámsins eru færustu sérfræðingar á sínu sviði með tengsl við atvinnulífið, ráðgjafafyrirtæki og menntastofnanir. Allir kennarar okkar eru með mikla reynslu og eru í fremstu röð.

stjornendanam.is/kennarar

STJÓRNENDANÁM

STF
Samband stjórnendafélaga

SÍMENNTUN
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

SA

stjornendanam.is